

23. desember 1988

1309

Nr. 530

AUGLÝSING

um skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit.

Samkvæmt heimild í 4. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 62 24. maí 1988, hefur verið ákveðið að Bifreiðaskoðun Íslands hf. skuli frá 1. janúar 1989 að telja taka við hlutaverki Bifreiðaeftirlits ríkisins og annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit, þ. á m. álestur ökumæla, allt samkvæmt reglum sem um framkvæmd þessara verkefna gilda hverju sinni.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. desember 1988.

Halldór Ásgrímsson.

Ólafur W. Stefánsson.

23. desember 1988

Nr. 531

REGLUGERÐ

**um viðauka við reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 523
15. desember 1988.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði reglugerðarinnar um ný skáningarmerki taka gildi 27. desember 1988.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. desember 1988.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Ólafur W. Stefánsson.